# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 49

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 11/6 '10

By. 10

Hjer með leifi jeg mjer virðingarfylst að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur að veita mjer leifi til að byggja hús á lóð minni við Óðinsgötu og spítalastíg. samkvæmt með fylgandi uppdrætti. Húsið ætlast jeg til að standi niður í lóðinni þarsem gamla húsið mitt stendur. sem þá verður rifið niður, það á að verða að stærð 10 x 11 álnir með 3½. til 4 álna kjallara 1. hæð og 1½ alin port með í búðarfærurisi. og inngangsskúr 2½ x 5 álnir jafn hár 1. hæð með rekkverki yfir. eins og sjest á með fylgandi uppdrætti. Húsið á að vera gjört af trje, pappa og járni samkvæmt heilbrigðis og byggingarsamþykt.

Reykjavík 9. júní 1910.

Guðni Símonarson gullsmiður

B. Ark. 454/1910 By. 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leyft.—

Hérmeð vil eg undirskrifaður, fyrir hönd Sameignarfélags Norðurmýrarbletts nr. 2, biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur um leyfi til að byggja steinsteypuhús á erfðafestulandi félagsins, til geymslu fyrir jarðyrkuverkfæri þess og hey.

Húsið á að vera að stærð 12 x 12 álnir, með 5 áln. háum veggjum uppúr jörð og 4 áln. risi. Þykkt veggja sé 9 þuml.

Að öðru leyti sé húsið að útliti, eins og meðfylgjandi uppdráttur ber með sér.

Afstöðu hússins höfum við hugsað okkur þá, að það geti orðið bakhús frá Njálsgötu, við framlenginguna hennar, fyrir ofan veginn.

Tilmæli þessi óskast tekin til umræðu á næsta byggingarnefndarfundi.

Reykjavík 8. Juni 1910

Sig. Björnsson. Grettisgötu 38

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 458/1910 B.V.10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því ég undirritaður hefi áformað að byggja íbúðarhús á lóð minni við Lindargötu þar sem áður stóð bærinn nr. 18, (talinn með Klapparstíg) leyfi ég mér hér með, að senda hinni heiðruðu byggingarnefnd meðfylgjandi uppdrátt af fyrirhuguðu húsi, og óska jafnframt að nefndinni mætti þóknast, að afgreiða væntanlegt byggingarleyfi sem allra fyrst.

Reykjavík 7. júní 1910

Virðingarfyllst

Jóhann P. Ásmundsson

Til

byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rich. [illegible] 8/6 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leyft. –

Reykjavík 7. Júní 1910

Hérmeð vil jeg undirritaður fara þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd Rvíkur að henni mætti þóknast að leifa mér að stækka 2 glugga á framhlið í austurenda húss míns í Vesturgötu 11, svo þeir yrðu að sömu stærð og gluggar í vesturenda nefnds húss.

Virðingarfyllst.

Knud Hafliðason

Til formanns byggingarnefndar Reykjavíkur

456/1910 By. 10

B. Rvk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breyting leyfð.

Reykjavík, 11. júní 1910

Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við hina háttv. Byggingarnefnd Rvíkur, að hún leyfi mér að sleppa burt risi því á horninu á húsi mínu í Bankastræti 12, – er stendur á teikningu þeirri er hérmeð fylgir, samþyktri 12/2-1910, – sökum þess að það er álit herra Kristins trésmiðs Jónssonar, er vinnur að húsi mínu, að það muni eigi vera hagt að setja risið á hornið vegna hallaleysis á húsinu, og þaraf l. muni hætt við að leki, þegar krap kemur á þakið. Auk þess myndi risið verða nokkuð mikill kostnaðarauki, og álít eigi líta betur út heldur en að hafa „gisemi".

Með virðingu

Magnús Þorsteinsson

Til

Byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rek. 455/1910

B.J. 10

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 11. júní 1910.

---

1. Guðna Símonarsyni, gullsm. leyft að reisa einlopta port-byggt íbúðarhús úr timbri 10°x11° að stærð með inngöngu-skúr 2½°x5°, á lóð hans við Óðinsgötu og Spítalastíg, og skal byggingarfulltrúi sjá um að efer [?] vegur verði gerður að húsinu. Gamla húsið verður rifið niður og kemur þetta nýja hús í þess stað. –
2. Jóhanni Ásmundssyni leyft að reisa einlopta port-byggt íbúðarhús úr timbri 11°x11° með inngönguskúr 5½°x3½° á lóð hans á horninu milli Lindargötu og Klapparstígs. Bærinn Nr. 18 Klapparstíg verður rifinn.
3. Ludvig Hafliðasyni leyft að breyta gluggum á framhlið hússins Vesturgötu 11.
4. Sameignarfjelagi Norðurmýrarbletti nr. 2 leyft að reisa einlopta geymsluhús úr steinsteypu 12°x12° á nefndum bletti fyrir sunnan framlenginguna Njálsgötu skv. uppdrætti af lóðinni, er lagður var fyrir fundinn.
5. Magnúsi kaupm. Þorsteinssyni leyft að sleppa burst af horni hússins Bankastræti 12, er honum var leyft að gera breytingar á, á fundi 12. febrúar.
6. Erindi frá hlutafjel. "~~[illegible]~~", Sjáfarborg" um að mega byggja skýli milli fiskhúss og fiskþurk-unarhúss þar, eigi sinnt að svo komnu vegna vantandi uppdráttar og annara nauðsynlegra upplýsinga. –
7. Erindi Jóns Laxdals um kaup eða leigu á lóð neðan við Nýlendugötu en rjett vestan við Ægisgötu vísað til byggingarfulltrúa til athugunar. –

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson

Fundi slitið

Páll Einarsson

K. Zimsen Jón Jensson

Sig. Thoroddsen G. Olsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur